



Málþing um miðborgina sem íbúahverfi

Laugardaginn 5. nóvember kl. 11-15 í matsal Tækniskólans (lönskólans)

Dagskrá:

Kl. 11 - Framsöguerindi

Stutt erindi um helstu umfjöllunarefni þingsins

Kl. 11:45 – Hópastarf

Umræður í hópum um umferðaröryggi, umhverfi, útivist, skóla, fristundir og íbúalýðræði. Í umræðuhópunum verða formaðar þær spurningar sem fjallað verður um í pallborði

Kl. 12:45 - Kaffihlé

Nemendur unglingastígs Austurbæjarskóla með veitingasölu

Kl. 13 - Pallborðsumræður

Borgarfulltrúar sitja fyrir svörum

Við hvetjum alla íbúa miðborgarinnar til að mæta á málþingið og láta í ljós skoðun sína á því hvernig þeir vilji að búseta í miðborginni þróist

Foreldrafélög skóla og leikskóla, Íbúasamtök og Hverfisráð miðborgar

Íbúasamtök, Foreldrafélög skóla og leikskóla og Hverfisráð Miðborgar

Málþing um miðborgina sem íbúahverfi

Laugardaginn 5. nóvember 2011 kl. 11-15 í matsal Tækniskólans
(Lönskólabyggingin á Skólavörðuholti)

DAGSKRÁ

Kl. 11 – Framsöguerindi

Hvernig er að alast upp í 101?

Ungmennahópur miðborgarinnar, Adam, Arnkell, Jóhann Kristófer, Lísbet, Sóley Anna, Sölvi og Vigdís Perla

Náttúruleg útisvæði í borg.

Matthildur Laufey Hermannsdóttir leikskólastjóri

Torg í biðstöðu.

Myndband frá rannsóknarhópnum Borghildi

Almannarými í íbúahverfinu miðborg.

Alba Solis, Auður Hreiðarsdóttir og Herborg

Árnadóttir frá rannsóknarhópnum Borghildi

Umferðaröryggi barna í miðborginni.

Kári Sölmundarson foreldri og íbúi

Verkefni að frumkvæði íbúanna.

Þorgerður Pálsdóttir frá Haðarstígshópnum

Rafrænt íbúalýðræði.

Gunnar Grímsson og Róbert Bjarnason frá sjálfseignarstofnuninni Íbúum

Af hverju flyturðu ekki bara í Kópavoginn?

Benóný Ægisson foreldri og íbúi

Kl. 11:45 - Umræður í eftirtöldum hópum:

Umhverfi og útivist.

Leiksvæði, aðstaða til leikja, almenningsgarðar, torg og útvistarsvæði

Skóli og frístundir.

Grunn- og leikskólar, sundhöllin, félagsmiðstöðvar ofl.

Samgöngur og umferðaröryggi.

Gangandi, hjólandi og akandi umferð um hverfið og öryggi gangandi og hjólandi umferðar, einkum skólabarna. Gönguleiðir skólabarna og aðgengi að Íþróttasvæði Vals og öðrum leik- og útvistarsvæðum

Íbúalýðræði.

Íbúalýðræði og aðgengi að kjörnum fulltrúum og þjónustu Reykjavíkurborgar. Frumkvæðisverkefni íbúa og hlutverk hverfisráðs og íbúasamtaka

Allt hitt.

Opin möguleiki fyrir fólk til að leggja inn spurningar um málefni sem ekki rúmast innan ofangreindra efnisflokka. Þó ekki mál sem hafa verið rædd á öðrum vettvangi, ss ofbeldið, næturlífið, hátækisjúkrahúsið, Vatnsmýrarskipulagið osfrv

Kl. 12:45 - Kaffihlé

Nemendur unglíngastígs Austurbæjarskóla með veitingasölu í fjáröflunarskyni fyrir skólaferðir

Kl. 13 - Pallborðsumræður

Hópstjórar munu leggja helstu spurningar sem upp koma í hópastarfinu fyrir þá borgarfulltrúa sem sitja í pallborði en þeir eru: **Eva Einarsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson, Karl Sigurðsson og Óttarr Proppé.** Spurningar úr hópastarfi eru í forgangi, spurningar úr sal ef tími vinnst til.

Kl. 15 Lok

Ingvar Örn Ingvarsson fundarstjóri dregur saman helstu niðurstöður þingsins

Málþing um miðborgina að frumkvæði íbúanna

Íbúasamtök miðborgar, foreldrafélög leik- og grunnskóla í miðborginni og Hverfisráð Miðborgar efndu til málþings um miðborgina sem íbúahverfi laugardaginn 5. nóvember 2011 kl. 11-15 í matsal Tækniskólans á Skólavörðuholti (lönskólabýggingunni). Á málþinginu var hugað að innri málum hverfisins og því hvernig hægt væri að bæta það sem íbúabyggð. Þingið hófst á stuttum framsöguerindum, síðan voru umræður í hópum og formaðar spurningar sem lagðar voru fyrir borgarfulltrúa sem sátu í pallborði. Málþingið var velheppnað og vel sótt en á annað hundrað manns lagði leið sína í Tækniskólann til að ræða málefni fjölskyldna sem búa í miðborginni og hvernig mætti bæta búsetuskilyrði þeirra.

Þegar fólk mætti til málþings tók á móti því afar heimilisleg stemming. Kaffilmur frá kaffisölu 9. bekkinga í Austurbæjarskóla barst á móti þeim og ljúfir tónar frá Bjarkargötubúanum Jakobi Frímanni sem lék íslensk lög í djassútsetningum á meðan fólk gekk í salinn. Auðvitað var endað á lagi Hauks Morthens *Ó borg mín borg*. Málþingið hófst síðan á nokkrum stuttum framsöguerindum þar sem íbúar hverfisins voru í aðalhlutverki.



Hvernig er að alast upp í 101?

Fyrstu framsöguerindin komu frá ungmennahópi miðborgarinnar en hann skipuðu þau Adam, Arnkell, Jóhann Kristófer, Lísbet, Sóley Anna, Sölvi og Vigdís Perla. Þau voru öll sammála um að aðstaða þeirra til tómstundastarfa og íþróttaiðkana væri mjög bágborin. Það væru bara tveir sparkvöllir í hverfinu annarsvegar við Austurbæjarskóla sem krakkarnir kæmust ekki í vegna ágangs fullorðins fólks og hinsvegar völlum sem gengi undir nafninu Drulló. Nauðsyn væri á að koma upp mörkum og körfuboltakörfum víðsvegar um hverfið til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana því ekkert íþróttafélag er starfrækt í miðborginni. Félagsmiðstöð hefur aldrei verið gerð í hverfinu og sú aðstaða sem henni er búin í Austurbæjarskóla nú er mjög léleg. Ungmennin sækja það fast að fá spennistöð Orkuveitunnar og eru tilbúin til að leggja hönd á plóg við að gera hana að félagsmiðstöð.

Náttúruleg útisvæði í borg

Matthildur Laufey Hermannsdóttir leikskólastjóri sagði frá verkefni á Laufásborg sem hefur þann tilgang að gera börnunum kleift að njóta þeirra náttúru sem borgarumhverfið býður uppá. Þetta er gert með heimsóknum í almenningsgarða, ræktunarstarfi og gerð umhverfislistaverka.

Almannarými í íbúahverfinu miðborg.

Alba Solis, frá rannsóknarhópnum Borghildi sagði frá hugmyndum og tilraunum til að mynda torg inn í íbúahverfinu og gefa þeim hlutverk en þau eru Óðinstorg, Baldurstorg, Káratorg og Freyjutorg. Einnig var sýnt myndband frá Borghildi sem heitir *Torg í biðstöðu*.

Umferðaröryggi barna í miðborginni.

Kári Sölmundarson foreldri og íbúi á Þórsgötunni sagði frá því þegar hann og 10 ára dóttir hans fóru í gönguferð með bolta, fyrst um hverfið og síðan á íþróttasvæði Vals. Niðurstaða Kára var sú að umferð á þessum slóðum sé of hröð og þung og óvinsamleg litlum boltastelpum þó sú stutta væri alveg til í að endurtaka leikinn með pabba sínum.

Verkefni að frumkvæði íbúanna

Þorgerður Pálsdóttir foreldri og íbúi af Haðarstígnum sagði frá starfi íbúanna þegar þeir að eigin frumkvæði tóku sig til og endurgerðu róluvöllinn Litla-Garð. Einnig var umferðarhraði lækkaður í 15km á Haðarstígnum að ósk íbúanna og nýjasta baráttumálið er að einungis íbúum sé heimilt að aka um götuna sem er mjög þröng. En lífið er ekki eintóm barrátta og á Haðarstígnum eru líka haldnar víðfrægar götuhátíðir.

Rafrænt íbúalýðræði.

Gunnar Grímsson frá sjálfseignarstofnuninni Íbúum sagði frá vefnum Betri Reykjavík en á honum er hægt að setja fram hugmyndir um málefni er varða þjónustu og rekstur borgarinnar. Þar er einnig hægt að skoða hugmyndir annarra, rökstyðja mál, taka þátt í umræðum og gefa hugmyndum vægi með stuðningi sínum. Gunnar sagði að æskilegt væri að einstaklingar settu inn tillögur á Betri Reykjavík þar sem ekki væri gert ráð fyrir því að hópar gerðu slíkt eða tækju sig saman um að senda inn tillögu. Einnig þyrfti að orða hugmyndir sem fullyrðingar svo hægt sé að greiða atkvæði um þær.

Af hverju flyturðu ekki bara í Kópavoginn?

Benóný Ægisson foreldri og íbúi á Skólavörðustígnum sagði að í Austurbæjarskóla skorti opið fjölnota rými sem nota mætti til að halda samkomur, fundi, listviðburði og til listgreinakennslu. Einkum myndi rýmið nýtast fyrir leiklistar-, dans- og tónlistarkennslu en þær greinar búa við mjög þröngan kost í dag. Því væri nauðsyn á að fundin yrði leið til skólinn fengi spennistöð OR sem er sambyggð skólanum en hana mætti einnig nýta sem félags og menningarmiðstöð fyrir íbúa hverfisins. Einnig talaði Benóný um nauðsyn þess að byggja útisundlaug við Sundhöllina því níu skólar stunda þar skólasund. Höllin er í raun sprungin því skólarnir geta ekki uppfyllt kennsluskyldu í sundi eins og málum er háttað.



SPURNINGAR FRÁ MÁLEFNAHÓPUM OG SVÖR PALLBORÐS

Málþingsgestir tóku þátt í umræðum í fimm málefnahópum en hlutverk hópanna var að forma spurningar sem lagðar voru fyrir borgarfulltrúa í pallborði. Notað var afbrigði af Agora-fundafyrirkomulaginu og er það útskýrt aftar í þessu riti en einnig er þar að finna yfirlit yfir þau málefni sem rædd voru í hópunum og er þeim raðað eftir vægi. Reynt var að fá formenn þeirra ráða sem málin vörðuðu og einn fulltrúa minnihlutans til að sítja í pallborðinu og voru þeir eftirtaldir: Eva Einarsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson, Karl Sigurðsson og Óttarr Proppé. Oddný Sturludóttir og Degi B. Eggertsyni var einnig boðið en Oddný var í útlöndum á þessum tíma en Dagur þáði ekki boðið.



Embættismenn ólíkra sviða gáfu sér tíma til að taka þátt; Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri tómstundasviðs, Skóla- og frístundasvið, Margrét Þórnar verkefnastjóri, Skipulags- og byggingasvið, Þórólfur Jónsson garðyrkjustjóri, Umhverfis- og samgöngusvið, Ólafur Bjarnason samgöngustjóri, Umhverfis- og samgöngusvið, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Guðmundur Sighvatsson skólastjóri Austurbæjarskóla

Varaborgarfulltrúarnir Áslaug Friðriksdóttir, Diljá Ámundadóttir og Hjálmar Sveinsson komu einnig á málþingið, tóku þátt og nutu góðra veitinga 9. bekkinga.

SKÓLI OG FRÍSTUNDIR

Spurningar:

Brýnast í dag ?

Spennistöðin ekki seinna en strax - og bannað að tala um peninga.

Brýnast til framtíðar

Nýting spennistöðvarinnar fyrir alla íbúa í fjölbreyttum tilgangi. Spennistöðin sem allsherjar miðstöð félagslífs og félagsauðs í hverfinu þvert á aldurs- og menningarhópa.

Svör frá pallborði:

Óttar Proppé sagði *like* á það en hinsvegar væri það þannig að peningar stæðu í vegi fyrir því að gera spennistöðina að veruleika núna því borgarfulltrúar geta ekki ráðstafað eignum Orkuveitunnar. Hann sagði hinsvegar þetta vera góða þælingu og sagðist vona að þetta væri hægt.

Gísli Marteinn tók undir með Óttari en sagði jafnframt að þetta þyrfti ekki að vera svona flókið því Reykjavíkurborg ætti Orkuveituna sem á húsið og því væri flutningur hússins yfir til borgarinnar í raun bara flutningur á eignum úr einum vasa í annan.

Eva sagði málið hafa týnst svolítið í kerfinu vegna sameiningar sviða en málið, sem áður heyrði undir Íþróttá og tómstundaráð heyrir nú undir Skóla og frístundasvið, en gott væri að fá áminningu til að koma málinu aftur á hreyfingu. Hún sagði þetta vera spennandi hugmynd og að skýrsla starfshóps hefði verið frábær því hann hefði virkilega hugsað málið til enda. Fagraðin þurfa að tala meira saman þverfaglega, um einstök mál eins og þetta.

Gísli Marteinn setti málið í samhengi við 3ju lausu kennslustofuna sem óskað er eftir að fá við Austurbæjarskóla og tæki frá leiksvæði barnanna en umsókn fyrir henni lægi hjá Skipulagsráði. Slík stofa kostar um 40-50 milljónir og því slagaði kostnaðurinn hátt upp í það sem það kostaði að breyta spennistöðinni.

Karl tók undir með Óttari en þau komust að því að þau þyrftu að ræða málið þvert á svið, spara ekki aurinn hér en kasta krónunni þar (GM) Öll sammála um að hugmyndin væri mjög spennandi og öll voru þau viljug til að skoða og hugsa til framtíðar. Þau sáu fyrir sér að þetta yrði hægt í náinni framtíð en kannski ekki í dag.

UMFERÐARÖRYGGI OG SAMGÖNGUR

Spurningar:

Brýnast í dag

Kemur til greina að lækka umferðarhraða með sértækum aðgerðum; blómakerjum, vistgötum, göngugötum; hjólastígum, þrengingum, breytingu á hverfismunstri?

Brýnt til framtíðar

Hvernig væri hægt að koma á ókeypiss strætó, eða almenningssamgöngum á stuttum leiðum í miðborginni, sem myndu þjóna bæði íbúum og gestkomandi?

Svör frá pallborði:

Karl sagði að ýmsar þreifingar í þessa átt væru hafnar til að lækka umferðarhraða í hverfinu og breyta sjálfu umhverfismynstrinu í miðborginni meðal annars með lokun á Laugarvegi í sumar og breytingu á Hverfisgötu þar sem hjólréiðastígur var gerður. Einnig lokun í Austurstræti fyrir umferð.

Gísli Marteinn sagði að miðborgin ætti að vera með 30 km/klst hámark sem hverfi. Breytingu á Haðarstíg svo einungis íbúar mættu aka eftir götunni taldi hann sjálfsgöða og ekkert því til fyrirstöðu að flytja tillögu um það strax í næstu viku. Hann minntist á breytingarnar fyrir framan Hörpu, hraðahindranirnar þar og að þeim hefði mætt andstaða.

Karl talaði um að breyta ætti Snorrabraut í götu með einni akrein í hvora átt og lækka hraðann þar. Þar væri vilji til að gera hvað sem er. Karl sagði einnig að vinna væri hafin við breytingarnar við Snorrabraut og að hvað þessi mál varðaði væri mikill samhljómur á milli yfirvalda og íbúa, með Snorrabraut, Geirsgötu, Hverfisgötu.

Til framtíðar var óskað eftir ókeypis hringstrætóferðum um hverfið á styttri vegalengdum og sagði Karl að hugmyndir hefðu verið kynntar um léttvagna í Reykjavík, léttu miðborgarvagna (rafmagns) sem hugsanlega yrðu tengdir við BSÍ. Hann var ekki hrifinn að því að þeir væru ókeypis.

Gísli Marteinn var sammála Karli um að ókeypis strætó væri ekki lausnin. Hann benti á að rannsóknir í fjölda borga sýndu að lítið sem ekkert samband væri milli fargjalds og fjölda þeirra sem nota almenningssamgöngur í borgum. Ferð í strætó í Reykjavík væri hinsvegar ódýr, 47 krónur á ferð fyrir námsmenn ef farnar eru 2 ferðir á dag, virka daga en til samanburðar kostaði milljón á ári að reka bíl.

Eva sagði þetta vera áhugavert m.t.t. frístunda en sagðist að öðru leiti vera sammála Karli og Gísla.

ÍBÚALÝÐRÆÐI

Sameiginleg ályktun þátttakenda við borð: Í framtíðinni þarf að færa vald betur til íbúa, gefa þeim tækifæri til að hafa samráð um leiðir til að móta umhverfi sitt, framkvæma sjálfir eða sjá um viðhald / uppbyggingu. Góð byrjun að koma hugmyndum á framfæri en það er aðeins ein stefna – næsta skref er fjölbreyttara.

Spurningar:

Brýnast í dag

Getur borgin sent íbúum beint upplýsingar tengdar sínu hverfi, td. í gegnum tölvupóst? Og hvernig geta íbúar framkvæmt góðar hugmyndir sjálfir?

Brýnast til framtíðar

Getur hverfaráð fengið vald til bindandi ákvarðana til að vinna að framgangi mála og hugmynda og íbúar fengið að kjósa hverfisráð?

Svör frá pallborði:

Gísli Marteinn sagði að Þórólfur Jónsson garðyrkjustjóri væri að útbúa áætlanir og verklagsreglur um hvernig væri hægt að bregðast við hugmyndum að frumkvæði íbúanna. Hann sagði að borgaryfirvöld væru til í að gera margt en spurningin væri hvað gerðist þegar sá sem dregur vagninn í hverfinu flytur í burtu, þarf borgin þá að taka við verkefninu? Hann vill þó hvetja til þess að íbúar taki málefni í auknu mæli upp á sína arma.

Karl talaði um upplýsingaflæði til borgara. Deiliskipulag geta t.d. fái stúderað en hann sagðist vonast til þess að þeim tækist að bæta úr því.

Eva talaði um að þau vildu opna kerfið.

Gísli Marteinn kom inn á að auglýsa ætti deiliskipulag á staðnum, umsóknir um breytingar á skipulagi og á reitum eða húsum yrði hengdar upp á svæðinu. Þannig gætu nágrannar og vegfarendur kynnt sér málið og vitað hvert þeir ættu að snúa sér með athugasemdir. Þetta tíðkast víða erlendis, td. í Bretlandi. Hann hafi flutt tillögu þess efnis og sæi nú ástæðu til að leggja hana aftur fram.

Þórólfur garðyrkjustjóri kom inn á verklagsreglur úti í sal. Hann sagði að best færi á því að íbúar stofni félag um aðgerðirnar, td. vinafélag og komist að sameiginlegri niðurstöðu um hvað þeir vilji gera.

Eva talaði um opið lýðræði og orðræðuna og sagði að það væri flókið fyrir fólk að skilja hvað væri átt við þegar t.d. væri talað um deiliskipulag og aðalskipulag og hvaða þýðingu það hefði.

Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar miðborgar og Hlíða benti á mikilvægi þess að hafa skýrar verklagsreglur í höndum hvað varðar framtak íbúa, eins og garðyrkjustjóri segir að séu í vinnslu.

Til framtíðar var spurt út í hvort hverfið gæti fengið bindandi vald til ákvarðana og hvort íbúar gætu fengið að kjósa hverfisráð? Óttar sagði já, en það kallaði á breytingar á skipulagi borgarinnar. Að einhverju leiti væri þetta hægt og að hverfaráð hefðu að einhverju leiti bindandi vald t.d. yfir hverfapottum.

Gísli Marteinn sagðist ekki viss um að hægt væri að ganga alla leið. Betra væri að nýta hverfisráðin sem augu og eyru borgarinnar.

Karl talaði um innleiðingu hverfisskipulaga. Miðborgin væri einstakt hverfi, gestgjafi allra hinna og ákvarðanir væru ekki einkamál 101.

UMHVERFI OG ÚTIVIST

Spurningar:

Brýnast í dag

Umgengni. Hvenær á að taka til og hvenær á að beita dagsektum?

Brýnast til framtíðar

Borg fyrir fólk en ekki fyrir bíla, sjáið þið fyrir ykkur að takmarka mjög mikið einkabílanotkun í miðborginni, minna malbik – meira grænt?

Svör frá pallborði:

Óttarr sagði að lögreglan væri ekki undir borginni. Borgin getur ekki komið með kröfu á að lögreglan sekti fólk en honum finnst að lögreglan í Reykjavík ætti að vera undir borginni en ekki undir ríkinu svo borgaryfirvöld hefðu eitthvað um það að segja hvernig hún beitir sér.

Gísli Marteinn talaði um að *slumlords* væðu uppi í borginni og létu hús drabbast niður þar til þau yrðu svo ljót að þeir fengu leyfi til að rífa þau svo hægt væri að byggja eitthvað enn ljótara í staðinn. Varðandi rusl vildi Gísli að lögregla gengi harðar fram því gegn sóðaskap væru til lög og reglur sem ætti að fara eftir.

Óttar tók undir með Gísli en segir lögreglu segjast ekki hafa peninga til að taka á þessu. Óttar nefndi *Gubbum í garðinn heima* og sagði að það væri erfitt að stjórna næsta manni og að borgin gæti ekki sífellt verið að taka til eftir fólk. Það þyrfti að breyta hugarfarinu.

Karl sagði að það þyrfti að nota *tossasektir* meira og að það kostaði meira að þrifa upp glerbrot og óþrifnað en að kenna fólki að ganga vel um. Flestir voru sammála um að hluti vandans væri sá að lögreglan væri ekki nægjanlega mikið undir stjórn borgarinnar.

Til framtíðar var spurt um borg fyrir fólk en ekki fyrir bíla, „sjáið þið fyrir ykkur að takmarka mjög mikið einkabílanotkun í miðborginni, minna malbik – meira grænt?“

Karl sagði já. „Við erum *militant* í hugsun en höfum ekki náð að vera eins *militant* í gjörðum enn. Fækkum bílastæðum og gerum pláss fyrir vegfarendur.

Gísli Marteinn tók undir en sagði afturhaldssama pólitíkusa í borginni hafa haldið málum í gíslingu í gegnum tíðina. Hann nefndi miklar hindranir í kerfinu sem birtist í mismunandi áherslum milli eldri og yngri kynslóða stjórn mála- og embættismanna hvað þessi mál varðar. Hann tók dæmi af Laugavegi sem göngugötu sem mætti mikilli mótstöðu þó allir hafi á endanum verið ánægðir með framkvæmdina. Gísli sagði fordæmi fyrir því að Sjálfstæðismenn og VG hafi staðið með erfiðum aðgerðum meirihlutans. Hann minnti á að bílastæði kosta og að í miðborginni eru mun fleiri bílastæði en þekktist annars staðar eða 800 á hver 1000 störf. Meðaltal í Evrópu er 250 á 1000 störf en í bílaborgum í Bandaríkjunum eru þau 500 á 1000 störf.

ALMENNI FLOKKURINN – ALLT HITT

Spurningar:

Brýnast í dag

Hvernig geta borgaryfirvöld/við leyst úr brýnum vanda heimislausra og komið í veg fyrir að heimislaust fólk verði úti núna á komandi vetri?

Brýnast til framtíðar

Hvernig hyggjast borgaryfirvöld tryggja að skipulag miðborgar verði endurskoðað með hag íbúa miðbæjarins að leiðarljósi og tryggja þannig vistvæna blandaða byggð sem iðar af fjölbreyttu mannlífi? Skipulag þar sem stolt íbúa er virkjað og ábyrgð og skyldur þeirra eru skilgreindar?

Svör frá pallborði:

Óttarr sagði Reykjavík yrði að gera betur það sem verið væri að gera en verkefnið væri endalaust.

Sigtryggur framkvæmdastjóri sagði Reykjavík gera best af Norðurlöndunum fyrir heimislaust fólk. Þau

neyðar-gistiúrræði sem væru til væru nánast aldrei fullnýtt og það ætti því enginn að þurfa að verða úti. Hann sagði hinsvegar ómögulegt að fylgjast með fólki á meðan það væri úti við. Hann sagði líka að útingangsfólk væri að eldast og veikjast líkamlega og noti ekki einungis áfengi lengur. Hann benti á að að auka þyrfti samvinnu á milli ríkis og borgar þar sem bæði væri um heilbrigðis- og félagsvanda að ræða.

Borgaryfirvöld eru meðvituð um vandann og fjöldamörg úrræði fyrir heimilislausa eru í boði að þeirra sögn. Hins vegar er ekki hægt að tryggja að heimilislausir þiggi aðstoð og hluti þeirra vill ekki þiggja hana. En þau voru öll sammála um að það ætti að kappkosta það að koma í veg fyrir harmleik í vetur.

Framtíðarspurningin: Óttar sagði: með góðum vilja. Hann sagði eignarrétt vera vandamál því væri eitthvað ákveðið sem væri misráðið þá yrði það oft varanlegt og of dýrt að leiðrétta eða afturkalla ákvarðanir.

Gísli Marteinn sagði 101 vera andlit Íslands og það þyrfti að viðurkenna það. Fjármunir vegna ferðamála færu mikið til út á land þótt ljóst væri að nánast allir ferðamenn eyddu líka drjúgum tíma í Reykjavík ekki síst þeir sem koma að vetri til.

Karl tók undir með Gísla og Óttari. Talað væri um 101 pakk, þau væru öll 101 pakk en það væri gott að vera 101 pakk. Rætt um minnimáttakennd og fordóma íbúa hinna ýmsu hverfa gagnvart hvor öðrum. Það væri síst minna framkvæmt í öðrum hverfum og nefnd voru dæmi um miklar endurnýjun skóla og skólalóða t.d. í Breiðholti og öðrum hverfum. Gísli Marteinn og Karl voru sammála um að bíllausir ættu ekki að niðurgreiða stæði bíleigenda eins og nú er raunin.

Sigtryggur kom fram með þá hugmynd að hverfisráð yrðu gerð að fagráðum eins og önnur fagráð borgarinnar og einhver talaði um að það vantaði umboðsmann borgarinnar.

Samhljómur í pallborði um að gera ætti betur við miðborgina, einnig sem íbúahverfi. Öfugt við það sem margir héldu væri ekki nógu vel hugað að miðborginni. Töluverðar umræður spunnust um sérstöðu miðborgarinnar og það þyrfti að huga betur að hennar tvíþætta hlutverki og bent m.a. á skýrslu Miðborgarinnar okkar þar sem kemur fram að velta fyrirtækja í miðborginni er umtalsverð.

Samtal við miðborgarbúa þar sem "við" (Borgaryfirvöld og íbúar) í sameiningu ná að móta skipulag miðborgar. Þar er lykill að virkja íbúanna og þar kemur íbúalýðræði inn sem tæki til þess að skilgreina skyldur og ábyrð okkar (borgaryfirvalda og íbúa). Hins vegar eru skipulagsmál þung í vöfum og eiga að vera það í raun því erfitt er að vinda ofan af byggðum / skipulögðum mistökum. Góðar hugmyndir geta oft orðið dýrkeyptar til framtíðar. En lykillin er að komast að samkomulagi um hvers konar byggð við viljum hafa með lýðræðislegu og gegnsæju ferli.

Fyrirspurnir úr sal

Nokkrar fyrirspurnir og ábendingar komu úr sal m.a um veggjakrot og kostnað við bílastæði sem eru niðurgreidd af þeim sem eiga ekki bíla. Bent var á að sjálfsagt væri að merkja byggingasvæði, hver bæri ábyrgð á því, nafn og símanúmer hjá framkvæmdaaðila og hvert ætti að snúa sér með umkvörtunarefni. Minnt var á útisundlaug við Sundhöll sem var nr. 2 hjá hópnum Skóli og frístundir til að þeir 9 skólar sem nú nota Sundhöllina geti fullnægt sundkennslu skv. kennsluskrá. Í miðborginni eru flestir ferðamenn svo að sundlaugin ætti að vera mikið nýtt sumar jafnt sem vetur. Upp komu efasemdir um að hverfisráðin virkuðu sem skyldi og ábending um að e.t.v. þyrfti að vera allsherjarnefnd eða amk. vettvangur þar sem fagráðin ræða hverfi í heild, svo ekki sé eytt í bráðabirgðalausn í stað framtíðarlausnar, sbr. spennistöðin vs. laus kennslustofa við Austurbæjarskóla.

Málþing um miðborgina sem íbúahverfi

LISTI YFIR ATRIÐI SEM SKRÁÐ VORU Í MÁLEFNAHÓPUM

UMFERÐARÖRYGGI OG SAMGÖNGUR / Sara Stef. Hildardóttir, borðstjóri

A. Hvers vegna viljum við búa hér? Hvað finnst okkur vænst um við íbúahverfið okkar?

Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga

Sundurleitnin í byggingarstíl (5)

Mannlífið (5)

Allt í göngufæri (5)

Austurbæjarskóli (4)

Bekkir á torgum og ruslafötur (3)

Stjórnsýslan (2)

Styttugarðurinn (1)

Flugvöllur (1)

Hljómskálagarðurinn (1)

Barnaheimilið Ós (1)

Alþingisgarðurinn (1)

Meningaraðgengi

Þjónusta í göngufæri

Þjónusta / matvöruverslanir og margvísleg þjónusta í göngufæri

Nálægð /nánd

Breytileiki umhverfis

Mannlífið

Hér er stjórnsýslan, flugvöllur og það er eitthvað að vera búsettur í höfuðborg.

B. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið Í DAG ?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

- 1. Kemur til greina að lækka umferðarhraða með sértækum aðgerðum; blómakerjum, vistgötum, göngugötum; hjólastígum, þrengingum, breytingu á hverfismunstri?**
- 2. Kemur til greina að loka Skólavörðustíg frá Baldursgötu og stærsta hluta Laugavegar varanlega? – og jafnvel fleiri götum**

Lækka umferðarhraða í þingholtum (6)

Fjölga göngugötum (6)

Betri almenningssamgöngur (4)

Fækka bílastæðum (3)

Takmörkun umferðar á Snorrabraut(3)

Færri bílastæði

Bílastæði við götur fækka

Bergþórugata – einstefna þrengja götu

Barónstígur – einstefna þrengja götu

Fjölga blómakerjum til að fækka hraða

Takmarka umferð bíla

Hjólastígar með hjólaljósum og beygjum (5)

Tengja hjólastíga

Bæta hjólasamgöngur

Gera umferð gangandi/hjólandi að forgangi

Fjölga hjólastígum

Fleiri göngugötur

Lækka umferðarhraða

Lækka hámarkshraða

Skólavörðustígur – lækka hraða, bæta gangandi

Snorrabraut

Umferðarhraði?

C. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið til framtíðar?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

1. Hvernig væri hægt að koma á ókeypiss strætó, eða almenningssamgöngum á stuttum leiðum í miðborginni, sem myndu þjóna bæði íbúum og gestkomandi?
2. Hvernig hefur borgið hugsað sér að koma á móts við stækkandi hóp þeirra sem nota hjólið sem samgöngutæki í 101?

Er mögulegt, eða vilji til að hafa ókeypiss strætó sem fer hring um hverfið? – stuttar leiðir (4)

Vandaðir hjólastígar, minni bílaumferð (4)

Verðlauna á einhvern hátt þá sem kjósa bíllausan lífstíl (4)

Ókeypiss strætó sem keyrir þutta miðborgarhring

Skipuleggja út frá fólkinu, ekki út frá bílnum (3)

Hanna samgöngur í miðborg með fólk í fyrsta sæti

Markvissari skipulag svæða mtt samgangna í 101

10-15 km hámarkshraði á svæði 1 (3)

Bílastæðabann (Kort fyrir íbúa og verslun – annars almenningssamgöngur) (3)

Sporvagnar á Hringbraut (ás frá Seltjarnarnesi til Ártúnsholts) (2)

Hætta saltaustri á götur til hálkueyðingar, en taka upp mulið grjót í ákveðnum korna stærðum í sama tilgangi.

ÍBÚALÝÐRÆÐI / Óskar Dýrmundur Ólafsson, borðstjóri

Sameiginleg ályktun þátttakenda við borð: Í framtíðinni þarf að færa vald betur til íbúa, gefa þeim tækifæri til að hafa samráð um leiðir til að móta umhverfi sitt, framkvæma sjálfir eða sjá um viðhald / uppbyggingu. Góð byrjun að koma hugmyndum á framfæri en það er aðeins ein stefna – næsta skref er fjölbreyttara.

A. Hvers vegna viljum við búa hér ? Hvað finnst okkur vænst um við íbúahverfið okkar ?

Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga

Þorp í borg

Eins og að búa í þorpi

Mannlíf

Borgin þarf að hlusta á íbúana, þeir vita best hvað þarf að gera

Skemmtileg samfélagsblanda

B. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið Í DAG ?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

1. Getur borgin sent íbúum beint upplýsingar tengdar sínu hverfi, td. í gegnum tölvupóst?
2. Hvernig geta íbúar framkvæmt góðar hugmyndir sjálfir?
3. Geta íbúar fengið að kjósa hverfaráð?
4. Geta hverfaráðin fengið meira vægi? ráðið meiru?
5. Getur hverfaráð fengið ákvörðunarvald?
6. Geta borgarar komið hugmyndum sínum á betri hátt til borgaryfirvalda?

Netfang í pott- og íbúar fá upplýsingar um málefni í vinnslu hjá RVKborg tengt sínu hverfi (6)

Að íbúar geti framkvæmt góðar hugmyndir sjálfir (5)

Íbúar kjósi í hverfaráðin (4)

Öflugri hverfaráð með meira vægi (4)

Betra flæði hugmynda frá borgurum til yfirvalda (4)

Leiða saman íbúa / nágretta . Hér eru ekki stigagangar / sameiginleg svæði nær-íbúa flóran svo fjölbreytt. (3)

Grendarkynning og samþykki nágretta þegar verslun eða öðru húsnæði er breytt í vínveitingastað (3) Íbúalýðræði, samvinna íbúa og borgar. Hvernig má bæta hana, hvaða hlutverk hafa hvor um sig? (1) Íbúalýðræði; Vanda vel til verka. Hugsa um hvort undirbúningur eða röksemdarfærslur liggi fyrir áður en kosið er.

Íbúalýðræði. Málin sem kjósa þarf um eiga að vera fleiri en á hugmyndastigi, s.s. grenndarkynningar, þ.e. sem þátttakandi í reglugerðarbundnum atriðum.

Stofna umboðsmann íbúa gagnvart skipulagsmálum borgarinnar.

Endurskoða reglugerðir / reglur borgar með íbúum, markvisst rafrænt.

Fulltrúar íbúa og foreldra og kaupmanna hafi afkvæðisrétt í hverfisráði.

Skýra og einfalda leiðir íbúa inn í borgarkerfið, td. þegar "mál" er farið af stað inn í kerfið.

Hverfaráð sem allir íbúar geta tekið þátt. Hverfaráð getur komið með tillögur, úrbætur og verið kvörtunarvettvangur íbúa.

Hverfaráð sem hefur ákvörðunarvald varðandi skipulag hverfis og þá starfsemi sem rekin er í hverfinu.

C. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið til framtíðar?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

1. **Getur hverfaráð fengið vald til bindandi ákvarðana til að vinna að framgangi mála og hugmynda?**
2. **Getu íbúar fengið meira ákvörðunar- og framkvæmdavald?**

Hverfaráð sem verði vettvangur íbúa til að vinna að framgangi mála og hugmynda hverfisins ákvarðanir verði bindandi. (2)

Aukið jafnvægi borgara í framkvæmdum og ákvörðunum. (2)

Blanda saman rafrænu lýðræði við hverfa- og götufundi til að nýta kosti hvors um sig. Þægindi þess rafræna með persónulegri tengingu þess að hittast (2)

Umboðsmaður íbúa 101 (1)

Að íbúar geti tekið afstöðu til stóru myndarinnar – Hvar á að fjárfesta vs. Hvar á að draga saman (1)

SKÓLI OG FRÍSTUNDIR / Kristín Ólafsdóttir, borðstjóri

A. Hvers vegna viljum við búa hér ? Hvað finnst okkur vænst um við íbúahverfið okkar ?

Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga

Góður og skemmtilegur skóli – Austurbæjarskóli

Tenging við sögu, nýtt og gamalt saman

Alþjóðlegt andrúmsloft, ferðamenn

Iðandi mannlíf og menning í göngufæri

Stutt í menningarstarfsemi, göngufæri

Frá vöggju til hinstu kveðju

Sterk félagsvitund borgaranna

Nánast bíllaus lífstíll

Fjölmenningarstefna Austurbæjarskóla

Allt í göngufæri

Nálægð við vinnustaði

Góður aðgangur að skólum

Umhverfið

Mikið líf, fólk sýnilegt

Umhverfið

Allt í göngufæri

Arkitektúr og skipulag, þétt borgarumhverfi, gömul hús

Mannlíf utandyra (í góðviðri)

Mannlífið

Miðbæjarstemning

Góður aðgangur að listalífi

Menning söfn, leikhús

Margbreytilegt umhverfi

Fjölbreytt mannlíf

Þorpameningin

Fjölbjóðamenning
Fjölbreytileiki mannlífsins

B. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið Í DAG ?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

1. Af hverju fáum við ekki spennistöðina strax?

Félagsmiðstöð, spennistöðin (7)

Útisundlaug (1)

Færa frístundastarfið meira inn í skólann (skólatímann) (tónlist – fleiri íþróttagreinar)(dans)

Íþróttavellir, opin svæði (tennis, körfubolti)

Tengja/efla samstarf skóla og eldri borgara

Efla hlut listgreina í skólastarfi og félagslífi barna og unglinga

Skortur á dagforeldrum

Austó uppfylli skólaskyldu í sundi

Stórbæta umferðaröryggi á leið í frístundir

Útisundlaug við sundhöll, búið að teikna

Stórbæta aðstöðu til frístunda, spennistöð

Húsnæði fyrir félagsmiðstöð

Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöð í hverfið fyrir unga sem aldraða, spennistöðin

Útisundlaug / íþróttaaðstaða

Breyta spennistöð í tómstundahús – betri félagsaðstaða

Aukið rými fyrir Austurbæjarskóla, Spennistöð – Vörðuskóli

Stækka sundhöllina með útisundlaug

Aðgengi/aðgangur hættulaus til og frá frístundum / umferðin

Leikskólaláss fyrir börn fædd 2010

Körfuboltavellir

Tennisvellir

Íþróttaaðstaða eða verulega samgöngubót fyrir börn á leið í slíkt starf í nálægum hverfum.

C. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið til framtíðar?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

1. Nýting spennustöðvarinnar fyrir alla íbúa í fjölbreyttum tilgangi.

Sambætting félagsauðs (Íþróttafélög, listalífs, þjónustu við eldri borgara) Spennistöðin / útisundlaug (7)

Aukin fjölbreytngi í frístundastarfi – efling lista og sköpunar

Betri /núttímalegri aðstaða í Austurbæjarskóla (fjölnota rými, íþróttasalur, sund)

Félagsmiðstöðvar, frístund, skólar og útivera tengd á svæði eða í samstarfi við hvort annað (rými, húsnæði, samgöngur) ->tími

Útisundlaug, -skólar, -ferðamenn

Félagsauður hverfisins í spennistöðinni – blöndun aldurshópa og menningarhópa.

Efla forvarnir

Efla samstarf skóla og eldri borgara

Nýting á félagsmiðstöðinni, spennistöðinni til framtíðar

Efla menningar, listalíf í skólunum.

Útisundlaug

Félagsmiðstöð

Útisundlaug

Fá aftur verkefnastjóra inn í leikskólanna og deildarstjóra inn í skólanna.

Stórefla hlut listgreina í skólastarfi og frístundastarfi

Verða til fyrirmyndar í fjölmenningu í skólastarfi

Að skipulag og innviðir hverfisins verði hugsaðir fyrir fjölskyldur ekki bara túrista.

UMHVERFI OG ÚTIVIST / Aðalsteinn Ásberg, borðstjóri

A. Hvers vegna viljum við búa hér ? Hvað finnst okkur vænst um við íbúahverfið okkar ?

Hópurinn forgangsráðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga

Byggðamynstrið
 Hús með sögu og sál
 Nágrannasamfélagið
 Þar sem hjartað slær
 Komast allt gangandi, allar þarfir innan seilingar (fjölbreytni)
 Miðborgin er þorpið mitt
 Miðsvæðis, stutt í allar áttir og í þjónustu
 Húsin okkar
 Stutt í allt
 Fjölbreytnin
 Þorp í borg
 Fjölbreytt mannlíf
 Menning
 Líður vel hér
 Andinn
 Nálægð við mannlíf, menningu, saga.
 Fjölbreytt samfélag og nándin við það
 Mannlífið
 Gott mannlíf

B. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið Í DAG ?

**Hópurinn forgangsráðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu (önnur til vara ef tími vinnst til)*

1. Umgengni. Hvenær á að taka til, dagsektir ?

Umgengni um hús og allt þar á milli, ströng viðurlög við hverskyns sóðaskap
 Loka Laugavegi fyrir bílaumferð allt árið
 Minna malbik, meira grænt
 Torgin í forgang
 Óðinstorg fyrir fólk ekki bíla
 Félagsheimili og betri leikvelli
 Félagsheimili Austurbæjarskóla/miðborgar – spennistöðin
 Hrein borg – fögur torg. Ganga betur um, fleiri tunnur og tæma m/sektir ef ekki gengur eins um hús í niðurníðslu.
 Herða viðurlög gegn niðurníðslu
 Umgengni
 Raunveruleg húsvernd
 Fjölbreytt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa . Sumstaðar má hafa hátt. Aðrir staðir nálægt byggð kyrrlátir.
 Stunnnnn ? grænu inn á svæðunum þannig að þau séu nothæf
 Fjölga náttúrulegum skólalóðum
 Bekkir og sparkvellir, grænu svæðin
 Andrými fyrir ólíka hópa miðbæjarins, græn svæði, íþróttavelli, tengileiðir til stíganets Reykjavíkurborgar.
 Fjölga náttúrulegum útisvæðum
 Náttúruleg útisvæði
 Eyðibýlin í miðbænum
 Borgin fylgi því eftir að húseigendur ljúki framkvæmdum við hús sín.
 Stöðva undanþágur frá skipulögum og þéttingu byggðar
 Sundhöllin – útisundlaug (lífstíll, heilbrigði, íþróttir, börn nærumhverfi)
 Byggja við sundhöllina, útisundlaug.
 Útisundlaug – útivist, 9 skólar – kafarar - bretti – upptaka mikið pláss í innilaug.

C. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið til framtíðar?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

1. Borg fyrir fólk en ekki fyrir bíla, sjáið þið fyrir ykkur að takmarka mjög mikið einkabílanotkun í miðborginni, minna malbik – meira grænt?”

Gera miðborgina mannvænlegri – fólk fram fyrir bíla

Bíllaus miðborg, betri hjólabrautir

Skipulagslög til en viðurlögum ekki beitt og undanþágur veittar – sóðaskapur

Laugavegur göngugata allt árið

Einkabílanotkun í miðbænum minnki

Laugavegur, göngugata, takmörkun umferðar (bíla)

Miðborgin teiknuð fyrir bílaumferð annara en íbúa, rafmagnsvagnar tíðar ferðir.

Rafmagnslest eða strætó (eins og túristalestir) á ferð um Laugavegin.

Miðbær fyrir fólk umfram bíla

Minni umferð fyrir meira

Laugavegur alltaf göngugata. Almenningsvagnar upp og niður Hverfisgötu.

Lækinn aftur á yfirborðið

Græn borg fyrir fólk sem hér býr.

“Réttur til að lifa í tengslum við náttúru” Hagsmunir mannfólks/íbúa umfram hagsmuni viðskiptalífs / bílaumferðar – breyta hugsanahætti varðandi forgangsstöðun

Hreinni og fallettri miðborg

Gengið fram með meiri ákveðni varðandi sektir á umhverfissóðum, niðurnídd hús, veggjakrot, hundaskítur, drasl.

Þrengingar gatna / fækkun akgreina

Bíllaus miðborg, rífa húsin í skuggahverfi, -> bílastæði

Falleg gömul hús, vel viðhaldin. Líka á Hverfisgötunni, sem er oft útundan.

Varðveita öll gömul hús og halda þeim við á forsendum húsanna (fagleg húsavernd)

Garðyrkja sé skipulögð út frá hagkvæmni útliti.

Yfirbragð miðborgarinnar einkennist af menningarvitund, nærgætni, virðingu, snyrtimennsku, öryggi.

ALMENNI FLOKKURINN – ALLT HITT / Jón Páll Eyjólfsson, borðstjóri

Opinn flokkur fyrir fólk til að leggja inn spurningar um málefni sem ekki rúmast innan hinna málefnaflokkanna. Þó ekki mál sem hafa verið rædd á öðrum vettvangi, ss ofbeldið, næturlífið, hátækisjúkrahúsið, Vatnsmyrarskipulagið osfrv.

A. Hvers vegna viljum við búa hér ? Hvað finnst okkur vænst um við íbúahverfið okkar ?

Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga

Blönduð byggð og fjölbreytt mannlíf

Fjölbreytt mannlíf (6)

Blönduð byggð (4)

Gömul hús, saga og sál (2)

Grænu svæðin (2)

Mannlíf

Fjölbreytileiki

Tjörnin

Laugavegurinn

Hljómskálagarður

B. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið Í DAG ?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

1. Hvernig geta borgaryfirvöld/við leyst úr brýnum vanda heimilslausra og komið í veg fyrir að heimilslaust fólk verði úti núna á komandi vetri ?

Aðstæður heimilislausra (4)
 Félagsmiðstöð Spennistöð OR (4)
 Hreinlætir, sorphirða, fleiri ruslatunnur, hrein borg (4)
 Virkja/auka ábyrgð og stolt íbúa (4)
 Húsavernd (4)
 Gera okkur kleift að vera "græn", flokka og skila án sérstaks kostnaðar (3)
 Drulló – ("fótboltavöllur" – gamla hestagerðið bakvið Fríkirkjuveg 11 (1)
 Útisundlaug (1)
 Bekkir (1)
 Bílafjöldi í gömlum götum
 Salerni í Hljómskálagarðinn

C. Í þessum málaflokki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið til framtíðar?

**Hópurinn forgangsraðar atriðum – atkvæði hópsins innan sviga*

**Formuð ein spurning út frá mikilvægasta atriðinu(önnur til vara ef tími vinnst til)*

- 1. Hvernig hyggjast borgaryfirvöld tryggja að skipulag miðborgar verði endurskoðað með hag íbúa miðbæjarins að leiðarljósi og tryggja þannig vistvæna blandaða byggð sem iðar af fjölbreyttu mannlíf. Skipulag þar sem stolt íbúa er virkjað, skyldur og ábyrgð þeirra eru skilgreindar?**

Endurskoða skipulag miðborgar sem íbúahverfi (5)
 Vistvæn (5)
 Skilgreina ábyrgð og hlutverk íbúa – (virkja íbúa til ábyrgðar í sinni götu /hverfi) (4)
 Minnka bílaumferð í miðbæ og mengun vegna þeirra
 Enga bíla
 Útisundlaug
 Leiksvæði
 Vernda græn svæði og húsagarða
 Félagsmiðstöð barna, ungmenna og íbúa
 Félagsmiðstöð
 Húsavernd (1)
 Félagsmiðstöðin

Málþing um miðborgina sem íbúahverfi

4/11

Borðstjóri biður alla um að kynna sig, skrifa nafn sitt á spjald og segja hvar þeir búa í hverfinu

Borðstjóri skýrir frá tilgangi hópavinnunar sem er að:

- Fá fram þau atriði sem helst brennur á þátttakendum og forgangsraða.
- Forma stefnumótandi spurningar til pallborðs.
- Öll atriði sem eru skráð af þátttakendum verða sett inn á vefinn **BETRI REYKJAVÍK**

SITJA ALLIR VIÐ RÉTT BORD ? hér við þetta bord ætlum við að ræða ...

FYRSTA VIÐFANGSEFNIÐ (10 mín.)

(Leiðir til jákvæðrar umræðu um íbúahverfið okkar)

A. Hvers vegna viljum við búa hér ? Hvað finnst okkur vænst um við íbúahverfið okkar ?

NÆSTU TVÖ VIÐFANGSEFNI (2 x 20 mín.)

(Leiðir til umræðu um brýn mál í íbúahverfinu, forgangsröðunar og loks spurningu til pallborðs)

B. Í þessum málaflökki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið Í DAG ?

C. Í þessum málaflökki, hvað finnst þér brýnasta úrlausnarefnið TIL FRAMTÍÐAR ?

SAMEIGINLEG ÁLYKTUN ? (5- 10 mín)

Ef tími vinnst til má hugsanlega búa til sameiginlega ályktun.

**Viðfangsefni A lokið jákvæð upphitun → byrja upp á nýtt viðfangsefni B,C, aftur sama rútna.
B + C vinna áfram með viðfangsefnin og formaðar spurningar út frá þeim og jafnvel ályktun.**

1. Borðstjóri útteilir miðum fyrir viðfangsefni A: grænir miðar (B: GULIR miðar, C:BLÁIR miðar)

- Gefið ykkur 1 mínútu – hugsið um viðfangsefnið.
- Skrifid einungis 1 atriði á hvern miða, það má skrifa á 2-4 miða en einungis 1 atriði á hvern
- Skrifa með HÁSTÖFUM, stórum stöfum, ekki skrifstöfum.

2. Borðstjóri biður þátttakendur að velja einn miða, lesa upp og útskýra mjög stutt.

- Miði lagður á borðið,
- Næsti velur einn miða, les upp og útskýrir mjög stutt, næsti tekur við
- Fara 2-4 hringi, allt eftir því hve vel gengur
- Borðstjóri og þátttakendur flokka lauslega miðana þegar þeir eru lagðir niður ef innihald tengist.

3. ENDURTEKNINGAR. Samþætting, sömu eða sambærileg atriði eru tekin til hliðar.

- Ekki er þörf á endurtekningum.
- Það má endurorða á miða, ef allir sammælast um að þetta er sama atriði.
- Ekki eyða miklum tíma í þetta.

4. FORGANGSRÖÐUN

- Gefið ykkur 1 mínútu.
- Velja í huganum 5 mikilvægustu atriðin.
- Skrifid þau á niður.
- Gerið eitt strik á þá 5 miða sem ykkur finnst mikilvægastir á borðinu.
- Teljið strikin og raðið eftir forgangsröðun.
- Ef forgangsröðun er jöfn, þá er kosið á milli þeirra með handauppréttingu.
- Teygja sett utan um miðana, mikilvægast efst.
- Lagt til hliðar og geymt á borðinu.

**Viðfangsefni A lokið jákvæð upphitun → byrja upp á nýtt viðfangsefni B,C, aftur sama rútna.
B + C vinna áfram með viðfangsefnin og formaðar spurningar út frá þeim og jafnvel ályktun.**

5. SPURNINGAR FORMAÐAR

- Útdeilið hvítum krassblöðum.
- Þátttakendur vinna saman í að forma 1 stefnumótandi spurningu til pallborðs.
- Fundarstjóri gengur á milli og hjálpar til við að forma spurningar.

Dæmi um 2 tegundir af spurningum:

** Af hverju er málið ekki leyst ? * Hvernig leysum við málið?*

Af hverju er öryggi barna á leið í skóla ekki tryggt með sama hætti og í öðrum hverfum borgarinnar ? T.d. með því að setja upp fleiri hraðahindranir og gönguljós (hægt að hnýta lausnina við á þennan hátt)

Fylgja má spurningu eftir með stefnumótandi ályktun, sbr. hvernig hyggjast borgaryfirvöld (meirihlutinn) þá beita sér fyrir því að tryggja öryggi ?

6. TILBÚIN SPURNING

- Takið miðann með mikilvægasta atriðinu sem unnið var út frá, skrifið spurninguna á bakhlið.
- Miðinn með spurningunni sett efst í bunkann og teygja utan um.
- Lagt til hliðar og geymt á borðinu.
- Það má vinna aðra spurningu til vara, út frá næstmikilvægasta atriðinu, skrifið á bakhliðina.

7. ÁLYKTUN – val

- Vill borðið sammælast um eina ályktun ?
- Er eitthvað eitt eða tvennt sem hefur einkennt umræðuna við borðið sem má nýta í ályktunina.
- Mætti spyrja stjórnámamann í pallborði um hvort hann styðji ályktunina.

Hópvinnu LOKIÐ !

BORÐSTJÓRI sér til þess að að miðar eru merktir borði og forgangsröð.

- grænir miðar - jákvæðu atriðin við að búa í miðborg
- gulir miðar - brýnustu viðfagnsefnunum NÚNA
- bláir miðar - brýnustu viðfagnsefnunum TIL FRAMTÍÐAR

SAMANBURÐUR: Borðstjórar í sama málefni bera spurningar saman, eru endurtekningar ?

Matarhlé 12.45-13.00**13.00**

90 mín. – hraðaspurningar ;-) Því betra rennsli , því fleiri spurningar sem komast að

- Fundarstjóri fer á milli borðanna, klárar eitt málefni í einu.
- Fulltrúi borðsins ber upp spurningu, eða biður fundarstjóra um það
- Er svar pallborðs fullnægjandi, er borðið ánægt með svarið ?

30 mín opnar fyrirspurnir

15.00 LOK - Ingvar fundarstjóri– helstu niðurstöður (og svo inn á BETRI REYKJAVIK)

Aðstandendur málþings um miðborgina

Undirbúningshópur málþings

Íbúasamtök miðborgar
Benóný Ægisson

Foreldrafélag Austurbæjarskóla
Birgitta Bára Hassenstein

Foreldrafélag barnaheimilisins Óss
Grétar Hreggviðsson

Hverfisráð miðborgar
Kristín Soffía Jónsdóttir
Daði Ingólfsson

Fulltrúi foreldra í skólaráði Austurbæjarskóla
Kristín Ólafsdóttir

Aðrir foreldrar úr Austurbæjarskóla
Ingvar Örn Ingvarsson
Kristinn Örn Jóhannesson

Foreldrafélag Laufásborgar
Margrét Norðdahl

Foreldrafélag Barónsborgar
Sigfús Ómar Höskuldsson

Fulltrúi eldri borgara
Þráinn Sigtryggsson

Ungþingið

Adam Thor Murtomaa - MH
Arnkell Arason - MH
Jóhann Kristófer Stefánsson - MH
Lísbet Sigurðardóttir - MR
Sóley Anna Benónýsdóttir - Austurbæjarskóla
Sölvi Kolbeinsson - Austurbæjarskóla
Vigdís Perla Maack – MH

Fundarstjóri

Ingvar Örn Ingvarsson

Tæknimaður

Stefán Þór Stindórsson

Aðstoð á málþingi

Svanhildur Thors

Umsjón með veitingasölu

Valgerður Ólafsdóttir

Borðstjórar og á hliðarlínunni

Aðalsteinn Ásberg
Jón Páll Eyjólfsson
Kristín Ólafsdóttir
Óskar Dýrmundur Ólafsson
Sara Stef. Hildardóttir

Fríða Björk Ingvarsdóttir
Magnús Skúlason
Svanbjörg H. Einarsdóttir
Valdimar Birgison
Þorgerður Jóhanna Guðmundsdóttir

Lýsing / skýrsla um máþingið

Benóný Ægisson
Birgitta Bára Hassenstein

Félög sem stóðu að málþinginu

Íbúasamtök Miðborgar
Foreldrafélag Austurbæjarskóla
Foreldrafélög í leikskólum Miðborgar
Hverfisráð Miðborgar